



Andi gróðurins

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að nemandi nái tökum á skapandi skrifum í formi ljóðs og/eða smásögu og vinni með efnivið náttúrunnar. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum og þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: íslenska, náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsingatækni.

Mið- og elsta stig.



VERKLÝSING

Tveir nemendur saman í hóp. Hópunum er dreift um allstórt svæði þar sem gróður – tré og runnar – er verulegur. Horft beint fram. Hver og einn skráir þau nafnorð, lýsingarorð og sagnorð sem koma fram í hugann meðan horft er á gróðurinn. Lítil sem engin samvinna.

Þegar inn er komið er gert uppkast að ljóði og smásögu og nota sem flest nafnorð, lýsingarorð og sagnorð sem skráð voru niður í útitímanum. Sýna kennara daglega hvernig gengur og hvernig málin þróast. Hann leiðbeinir ef þarf. Allmörg uppköst eru gerð áður en fullnum verkum er skilað úr tölvu, jafnvel myndskreytt. Sett upp á glærur.

Ljóðunum safnað í sameiginlega ljóðabók, sögunum í smásagnahefti og hver nemandi fær sín eintök með sér heim.

Foreldraljóðakvöld, t.d. með kertum, upplestri, glærusýningu og tónlist er síðan góð leið til að kynna fyrir foreldrum og velunnurum hvað er að gerast í skólasterfinu. Einnig er hægt að vera með ljóðasýningu utandyra ef veður leyfir, t.d. í skóginum.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Stílabók og penni. Lokaafakstrinum er síðan skilað fallega uppsettu í tölvu.

Tilgangurinn er að fá andann yfir sig úti í náttúrunni, ásamt því að geta gripið þau nafnorð, lýsingarorð og sagnir sem koma upp í hugann og skrá þau niður.